

## Hjarðbókaðgangur WorldFengur

Leiðbeiningar við skil á haustskýrslu til MAST, fyrir hesteigendur/umráðamenn í gegnum hjarðbókaðgang WorldFengs – innskráning er með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

Hjarðbókaðgangur til skila á haustskýrslu er ætlaður þeim aðilum sem ekki eru með fullan aðgang að WorldFeng. Aðgangur þessi er notendum að kostnaðarlausu og gerir eigendum/umráðamönnum hrossa kleift að klára sín haustskýrsluskil og skila skýrslu rafrænt til MAST. Á þessum aðgangi er ekki skráð neitt fóður, einungis skil á fjölda hrossa, staðsetningu þeirra og hver er skráður umráðamaður. Skýrslan er fullnægjandi þó ekkert fóður sé skráð.

Slóðin [www.worldfengur.com](http://www.worldfengur.com) og smelt á hnappinn  ef nota á rafræn skilríki

1. Á stikunni til vinstri er smelt á „Heimaréttin“
2. Í heimaréttinni eru nokkrir flipar. Í flipanum „Hrossin mín“ þarf að staðsetja hrossin á búsnúmer.

Veljið  til að færa hross yfir á búsnúmer. Búsnúmer getur verið búsnúmer á jörð / hesthús / hesthúshverfi / sveitarfélag. Til að fá upp það búsnúmer sem staðsetja á hrossin á, farið í flipann „Staðsetning (búsnúmer)“ og þar er hægt að velja staðsetningu með að því að leita eftir nafni á stað og tengja við sína heimarétt.

Til hliðsjónar við skráningu og skil á haustskýrslu á hjarðbókaðgangi:

### Staðsetning (búsnúmer)

- Skrá nýtt búsnúmer á notanda eða bæta við búsnúmeri

### Hrossin mín

- Staðsetja hrossin á það/þau búsnúmer sem við á

### Umráðamaður

- Öll hross skulu hafa umráðamann. Hægt er að skrá umráðamann með því að fara í gula pennann í línunni aftan við hvert hross. Muna að hafa IS fyrir framan kt. þegar skráður er inn umráðamaður.

### Skila haustskýrslu

- Smella á hnappinn „Skila haustskýrslu“ . Þegar skýrslu hefur verið skilað, kemur grænt hak fyrir framan hvert hross sem tákna að fullnaðarskil hafi verið gerð fyrir þetta hross. Við skil á haustskýrslu koma upp öll þau hross sem viðkomandi aðili er með í umráði (skráður umráðamaður fyrir).

Í heimaréttinni má svo finna nánari upplýsingar frá MAST er varða skil á haustskýrslu fyrir hross í gegnum hjarðbók.

Þeir sem ekki hafa tök á að skila sínu skýrsluhaldi sjálfir í gegnum WorldFeng, geta fengið til þess aðstoð hjá starfsfólki RML. Fyrir slíka þjónustu er innheimt samkv. verðskrá RML – sjá nánar hér:

<https://www.rml.is/is/um-okkur/innheimta-og-verdskra/gjaldskra>